

Tillögur til kosningar

Eftirfarandi tillögur hafa verið myndaðar vegna vinnutímastyttingar þíns vinnustaðar. Sú tillaga sem hlýtur meirihluta atkvæða í þessari atkvæðagreiðslu mun taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá 16.12.-18.12.2020.

ATH vinnutímastytting og lengd kaffitíma hlutfallast m.v. starfshlutfall. Starfsmaður í 100% starfshlutfalli á rétt á 13 mín vinnutímastyttingu og 35 mín kaffitíma.

Tillaga #1

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og seinni kaffitíminn (20 mín) seldur. Hádegishlé fellt niður.

Útfærsla styttingar:

Starfsmenn vinna samfleytt frá 8:00-15:32. Starfsmenn taka kaffitíma samtals 15 mín fyrir hádegi.

Hádegismatur og seinni kaffitími verða á forræði vinnuveitanda og verður skilgreint sem neysluhlé.

Tillaga #2

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og kaffitímar (35 mín) seldir. Hádegishlé fellt niður.

Útfærsla styttingar:

Starfsmenn vinna samfleytt frá 8:00-15:12

Hádegismatur og kaffitímar verða á forræði vinnuveitanda og verður skilgreint sem neysluhlé.

Tillaga #3

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og seinni kaffitíminn (20 mín) er seldur. Hádegishlé óbreytt.

Útfærsla styttingar:

Starfsmenn vinna frá 8:00-16:10 mánudaga til fimmtudags og frá 8:00 til 15:05 á föstudögum. Starfsmenn taka 15 mín kaffitíma fyrir hádegi og 30 mínútur í hádegismat.

Kaffitími eftir hádegi verður á forræði vinnuveitanda.

Tillaga #4

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og kaffitímar (35 mín) seldir. Hádegishlé óbreytt.

Útfærsla styttingar:

Starfsmenn vinna frá 8:00-16:00 mánudaga til fimmtudags og frá 8:00 til 14:30 á föstudögum. Starfsmenn taka 30 mínútur í hádegismat.

Kaffitímar verða á forræði vinnuveitanda og verður skilgreint sem neysluhlé.

Veikindi, orlof og uppsöfnun:

Styttingin fellur niður í veikindum eða í orlofi starfsmanns.

Breytingar á vinnuskipulagi:

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda.


Endurskoðun:

Starfsmönnum gefst kostur á að endurskoða tillöguna að þremur mánuðum liðnum.

Niðurstöður kosningar

Svarhlutfall: 82%

Hvaða tillögu ert þú hlynnt/hlynntur?



Mean : 3.500 | Confidence Interval @ 95% : [3.159 - 3.841] | Standard Deviation : 0.650 | Standard Error : 0.174

OneCRM

Viðskiptavinur: Sveitarfélagið Árborg Höfundur: Signý Harpa
Hjartardóttir
Málshæiti: Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg Málarnúmer: [2012144](#)